

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 49/2016

2017/EES/66/09

frá 18. mars 2016

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, (hér eftir „EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1258/2013 frá 20. nóvember 2013 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 273/2004 um forefni ávana- og fíkniefna ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XIII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi texti bætist við í lið 15x (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 273/2004):

„, eins og henni var breytt með:

– **32013 R 1258:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1258/2013 frá 20. nóvember 2013 (Stjtíð. ESB L 330, 10.12.2013, bls. 21).“

2. Ákvæði b-liðar liðar 15x (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 273/2004) skulu aðlöguð þannig að „grein 14a“ kemur í stað „15. gr.“ og tilvísunin „30. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 111/2005“ kemur í stað tilvísunarinnar „10. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3677/90“.

*2. gr.*Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 1258/2013, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 19. mars 2016, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

*4. gr.*Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 18. mars 2016.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 330, 10.12.2013, bls. 21.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.